

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, athafnasvæði norðan Sólbakka.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingin varðar landnotkun norðan Sólbakka sem breytist úr athafnasvæði og almennu útivistarsvæði til síðari athugunar í athafnasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 2. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.